

AUGLÝSING

**um starfsreglur kirkjubings um breyting á starfsreglum
um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.**

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um skipan sókna,
prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998.

1. gr.

Ákvæði 2. ml. 5. gr. starfsreglna um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma nr. 731/1998 falla brott.

2. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. desember 2002.

Gjört í Reykjavík, 30. október 2002.

Jón Helgason
forseti kirkjubings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 30. október 2002.

F. h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands.

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjubings um þjálfun prestsefna.

„STARFSREGLUR

um þjálfun prestsefna.

1. gr.

Biskup Íslands ábyrgist starfsþjálfun prestsefna og setur nánari fyrirmæli um innihald hennar. Starfsþjálfunarnefnd skipuð af biskupi til fjögurra ára annast um framkvæmd starfsþjálfunar. Biskup setur nefndinni erindisbréf.

2. gr.

Starfsþjálfun skal tryggja að prestsefni öðlist sem mesta færni til að starfa sem prestur þjóðkirkjunnar.

3. gr.

Heimilt er hverjum guðfræðinema sem hug hefur á kirkjulegu starfi að loknu námi, að sækja um starfsþjálfun er hann hefur lokið 60 eininga námi við guðfræðideild Háskóla Ísland hið minnsta.